

hafa til dönsku þýðinganna á dómskjöllum í glæpamálum, þeim er stefnt er til hæstarétta. Vær höfum skrifast á við stiptamtanninn um þetta mál, og skulum vær nú svara yður á þá leið, sjálfum yður til leiðbeiningar og eptirbreytni, sem nauðsyn krefur, að lægri dómandinn í landsýfirdóminum hefir optast nær fengið hingað til borgun, sem hann hefir sett upp, fyrir skrifföng, þau er hann hefir þurft til dönsku þýðinganna á dómskjöllum í glæpamálum, úr jafnaðarsjóði þess amts, er málið er frá, og vísum vær yður um þetta efni til jafnaðarsjóðsreikninga norður- og austurumdæmisins árið 1839 6. gr. g og 11. gr., 1742 6. gr. c og 17. gr. b og 1848 1. gr. b. Dómsmálastjórninni þykir engin ástæða til að breyta af vana þessum, einkum fyrst að hin almenna regla í aukatekjureglug. 10. sept. 1830, 13. gr., er svo segir, að endurgjalda skuli útgjöld öll í opinberum málum, virðist að styrkja þetta mál.

1858.
25. júní.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um hafnargjald í Reykjavík. 30. júní.

Þær hafið, herra stiptamtmaður, sent oss með bréfi yðru 15. október í fyrra beiðni frá hafnarnefndinni í Reykjavíkur kaupstað, um þá grein í hafngjaldaskrá Reykjavíkur 12. maí 1855, að þau skip ein eru undanþegin akkeristolli, er fara í erindum Dana konúngs, og biður því hafnarnefndin dómsmálastjórnina úrskurð á að leggja, hvort herskip og þau skip önnur, er heyra stjórnendum annara landa, eður skip duggufélagsins enska skuli og vera undanþegin akkeristolli.

Þessu svörum vær á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsingar þeim er hlut eigu að máli, að herskip og þau skip önnur, er heyra erlendum stjórnendum, eru sjálfsagt undanþegin hafnargjöldum; en það ætlum vær muni réttast, að skip duggufélagsins enska sé og laus við þau nú sem fyrr, að minnsta kosti fyrst um sinn.